



# Ársskýrsla 2015

## Inngangur

Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi sína haustið 2010. Hér er gerð grein fyrir nokkrum meginþáttum í starfi skólans á starfsárinu 2015. Fjallað er um skólastarfið og tölulegar upplýsingar eru skoðaðar.

## Nemendur

Kennsla á vorönn 2015 hófst 5. janúar og voru 227 nemendur skráðir í skólann á níu námsbrautum. Í maí útskrifuðist 31 nemandi, 12 af félags- og hugvísindabraut, 5 af íþrótt- og útivistarbraut, 5 af náttúrvísindabraut, 4 af listabraut og 5 af starfsbraut. Á haustönn 2015 hófst kennsla 18. ágúst og voru 230 nemendur skráðir í skólann. Ellefu nemendur útskrifuðust í desember 2015, 5 af félags- og hugvísindabraut, 1 af íþróttabraut, 3 af náttúruvísindabraut, 1 af kjörnámsbraut og einn með viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum.

<i>Fjöldi</i>	<i>Vorönn 2015</i>	<i>Haustönn 2015</i>
Nemendur	227	230
Dagskóli	150	130
Fjarnám	77	83
Karlar	93	89
Konur	134	141
Útskrifaðir	31	11

<i>Búseta</i>	<i>Vorönn 2015</i>	<i>Haustönn 2015</i>
Dalvíkurbyggð	13%	11%
Fjallabyggð	43%	32%
Aðrir staðir	44%	57%
<b>Alls</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

<i>Aldursskipting</i>	<i>Vorönn 2015</i>	<i>Haustönn 2015</i>
15-20 ára	59%	53%
21-25 ára	27%	28%
26-	14%	19%
<b>Alls</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Nemendur hafa aldrei verið fleiri en á árinu 2015. Dagskólanemum fækkaði milli anna meðan fjarnemum fjölgaði en á haustönn 2015 jókst ásókn í fjarnám við skólann mikið. Kynjahlutföll eru svipuð og á haustönn 2014, konur í meirihluta. Þegar kemur að búsetu hefur orðið nokkur breyting á. Fram að þessu hefur meirihluti nemenda verið úr Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Á árinu 2015 varð hins vegar sú breyting að á haustönn var meirihluti með búsetu utan þessara sveitarfélaga. Þetta helst í hendur við mikla aukningu

fjarnema á sama tíma. Um leið hefur heldur fjölgað í hópi nemenda sem eru eldri en 25 ára.

## **Brottfall**

Ef brottfall er skilgreint sem mismunur á nemendum sem sannarlega hefja nám og þeirra sem skila sér til prófs var meðalbrottfall á árinu 2015 5,0% sem er einu prósentu lægra en á árinu 2014. Á vorönn var það 3% og á haustönn 7%. Af þessum 7% voru 5% dagskólanemar og 3% fjarnemar.

## **Nýtingarhlutfall**

Á vorönn 2015 var meðalnýtingarhlutfall í hópum 64% ef reiknað er með 25 nemendum í bóklegum hópum, 20 í raungreinahópum og 15 í listgreina- og tölvuhópum. Á haustönn var meðalnýtingarhlutfall í hópum hins vegar 72%. Meðalnýtingarhlutfall í hópum á árinu var því 68%.

## **Nám**

### ***Námsframboð***

Menntaskólinn á Tröllaskaga starfar eftir nýjum framhaldsskólalögum frá 2008. Stúdentspróf við skólann er 200 einingar.

Við MTR eru eftirtaldar námsbrautir virkar og í boði:

- Félags- og hugvísindabraut
- Íþróttá- og útivistarbraut
  - íþróttasvið
  - útivistarsvið
- Listabraut
  - myndlistarsvið
  - listljósmyndunarsvið
  - tónlistarsvið (í samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar)
- Náttúruvísindabraut
- Kjörnámsbraut
- Grunnmenntabraut
- Starfsbraut
- Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum

Allar námsbrautir byggjast upp á sama kjarna, sérhæfingu, bundnu vali og frjálsum vali, svið innan brauta hafa þar að auki sérhæfingu. Frjálsa valið nýtist til enn frekari sérhæfingar til undirbúnings frekara náms eða til að stunda nám á öðrum brautum eftir áhugasviði sínu. Undanskilið þessu er viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum.

## Skipting nemenda á námsbrautir

<b>Braut</b>	<b>Vorönn 2015</b>	<b>Haustönn 2015</b>
Félags- og hugvísindabraut	69	86
Íþróttá- og útivistarbraut	21	19
Listabraut	37	33
Náttúruvísindabraut	60	53
Kjörnámsbraut		17
Grunnmenntabraut		1
Starfsbraut	14	10
Viðbótarnám til stúdentsprófs	9	8
10. bekkingar	10	6
Ótilgreind fjarnámsbraut	24	

## Innleiðing aðalnámskrár

Menntaskólinn á Tröllaskaga vinnur eftir nýrri aðalnámskrá og hefur gert frá stofnun skólans 2010. Allar áfangalýsingar skólans eru unnar og mótaðar í samræmi við það.

## Kennsla og stjórnun

Auk skólameistara starfa við skólann:

- aðstoðarskólameistari/áfangastjóri í 75% starfi
- fjármálastjóri í 25% starfi
- námsráðgjafi 50%
- fagumsjón starfsbrautar 25%
- umsjónarmaður fasteignar, tækja, tölvukerfis og ljósmyndastúdíós í 100% starfi
- starfsmaður sem sér um skrifstofu, bókasafn og þrif í 100% starfi
- tveir stuðningsfulltrúar á vorönn í um 80% starfi hvor, en einn á haustönn í 100% starfi

- iðjupjálfi í 50% starfi á starfsbraut
- kennarar skólans á 16 á vorönn og 17 á haustönn 2015, þar af helmingur í 100% starfi (Fjármálastjóri stundaði jafnframt kennslu og fyllti þar með 100% starf). Heildarstöðugildi kennara á árinu 2015 voru 12,16 á hvorri önn.
- Starfsmenn við skólann voru 24 í rúmlega 19 stöðugildum.

Nær allir kennarar eru með réttindi sem framhaldsskólakennarar (einn er í réttindanámi) og langflestir með framhaldssnám.

### **Kennsluhættir og námsmat**

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli með áfangakerfi. Fyrirkomulag námsins gerir nemendum kleift að ljúka stúdentsprófi á þremur til þremur og hálfu ári.

- Allir nemendur skólans eru með eigin fartölvur sem tengdar eru neti skólans.
- Skólinn notar opinn hugbúnað í starfi sínu.
- Haldið er utan um allt námsefni og kennslu í kennslukerfinu Moodle.
- Í skólanum er viðhaft símat og því engir formlegir prófadagar.
- Námið er skipulagt í vikulöngum lotum og fá nemendur reglulega endurgjöf á verkefni sín og frammistöðu.
- Miðannarvika, skólastarfið er brotið upp eina viku um miðja önn.
- Nýsköpunaráfangi, Tröllaskagi
- Allir nemendur taka einn áfanga í listum.

Allt námsefni utan kennslubóka er í kennslukerfi skólans ásamt verkefnum og öðrum upplýsingum. Á sama hátt er öllum verkefnum sem við á, skilað í sama kennslukerfi. Miðað er við að nemandinn ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi þar sem námið skiptist í nám undir verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með aðgengi að námsaðstoð eða fjarnám. Við skólann eru viðhafðar fjölbreyttar námsmatsaðferðir í formi leiðsagnar- og símats.

Um miðja önn er skólastarfið brotið upp og nemendur fara í styttri áfanga í ýmsum greinum. Þar eru áfangar í íþróttum og útivist, listum og bóklegir áfangar. Markmiðið er að auka val nemenda í fámennum skóla en hægt er að fá kennara tímabundið til kennslu í viku sem ekki gætu kennt heila önn í Ólafsfirði. Markmiðið er einnig að hafa svigrúm til samstarfs við fyrirtæki, stofnanir og aðra skóla.

Tröllaskagi er nýsköpunaráfangi fyrir alla nemendur þar sem þeir skoða fyrri hluta annar ýmislegt á svæðinu sem frumkvöðlar hafa byggt upp. Frumkvöðlarnir koma í skólann, sýna sitt og segja frá, síðari hluta annar móta nemendur eigin hugmynd, vinna að henni og sýna

í annarlök.

## Mat

Í skólasamningi fyrir tímabilið 2015-2019 kemur fram að skólinn leggur áherslu á að nemendur og starfsmenn sýni frumkvæði í störfum sínum, séu skapandi í starfi og sýni áræði með því að ganga ekki einungis troðnar slóðir heldur útfæri verk sín á annan hátt en hefðbundið telst. Að þessum markmiðum hefur verið unnið frá upphafi. Að sjálfsögðu eru þetta langtímamarkmið um leið og hvert skref að þeim birtist sem skammtímamarkmið. Í skólanum fer fram blómlegt starf í listum og sköpun og á hverri önn sýna nemendur verk sín í skólanum og úti í samfélaginu. Skólinn hefur einnig sóst eftir samstarfi við ýmsa aðila úti í samfélaginu með það í huga að koma á góðum tengslum skólans og samfélagsins. Það markmið hefur náðst og er ástæða til að fylgja því eftir. Þá er skólinn nú þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum. Verkefni um vatn á vegum Comeniusar hófst haustið 2013 og lauk vorið 2015. Á haustönn hófst Nordplus-verkefni sem er samstarfsverkefni við danskan framhaldsskóla þar sem fengist er við samþættingu útivistar og dönsku. Þá fékk skólinn Erasmusstyrk í svo kalla „job shadowing“ verkefni fyrir kennara og hófst það einnig á haustönn 2015 og lýkur á vorönn 2016.

Í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2014-2015 kom fram að einn stærsti vandinn sem nú steðjar að skólanum sé skortur á húsnæði. Afar brýnt er að fá matsal, stærra pláss fyrir starfsbraut og meira vinnurými og kaffiástöðu fyrir starfsmenn. Nú hillir undir að breyting verði á þar sem bæjaryfirvöld í Fjallabyggð gera ráð fyrir að ráðist verði í byggingu á sal við skólann á árinu 2017.

Skólafundur var haldinn í september 2015. Þar fjölluðu nemendur og kennarar um þætti sem taldir voru þarfnast endurskoðunar og úrbóta samkvæmt niðurstöðum úr könnunum. Má þar nefna kennsluaðferðir og fjölbreytni verkefna, námsmat og félagslíf nemenda. Niðurstaða fundarins var lögð fyrir skólanefnd og rætt hefur verið um möguleika á úrbótum á kennarafundum. Unnið hefur verið með þessar athugasemdir og samráð haft við nemendur.

Stefna og markmið skólans eru reglulega til umfjöllunar í hópi starfsmanna og hjá skólanefnd. Þá eru kennsluaðferðir og námsmatsleiðir reglulega til umræðu og lögð áhersla á að vera vakandi fyrir nýjungum og möguleikum á því sviði.

Í skólasamningi fyrir árin 2015-2019 setur skólinn sér það markmið að brottfall nemenda fari ekki yfir 8% á samningstímanum. Eins og fram kom hér á undan hefur tekist að halda brottfalli innan marka ef miðað við fjölda nemenda í áfanga sem skila sér til lokamats. Á

árinu 2015 var það að meðaltali 5%. Hér má nefna að skólinn tekur þátt í brottfallsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Fjármál, rekstur**

Rekstur skólans á árinu 2015 var í góðum farvegi líkt og áður. Áætlun stóðst og var rekstur skólans hallalaus.

## **Samstarf við aðra**

Ný námskrá framhaldsskóla eykur möguleika skóla til samstarfs gríðarlega. Menntaskólinn á Tröllaskaga á í margskonar samstarfi við aðra aðila. Í stefnu skólans kemur fram að skólinn vilji hafa áhrif á nærumhverfi skólans á skapandi hátt og eiga samstarf við fyrirtæki og félagsamtök. Þetta hefur gengið eftir og á skólinn gott samstarf við fyrirtæki og félagsamtök í Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð og á Akureyri t.d. varðandi Tröllaskagaáfangi, vinnustaðanáms starfsbrautarnema og styttri námskeið í miðannarviku.

Skólinn á í samstarfi við:

- D7+ um Fjarmentaskólann
- Verzlunarskóla Íslands um fjarkennslu efri áfanga sem ekki fæst nægur nemendafjöldi í innan skólans
- Grunnskóla Fjallabyggðar um fjarkennslu 10. bekkinga í inngangsföngum
- Tónskóla Fjallabyggðar um tónlistarkennslu
- Knattspyrnufélag Fjallabyggðar um knattspyrnuakademíu
- Frjálsíþróttafélagið Glóa um akademíu í frjálsum íþróttum
- Listhús í Fjallabyggð þar sem erlendir listamenn sem eru þar koma í skólann til kennslu og kynninga en einnig hefur listhúsið boðið upp á áfanga í miðannarviku
- Samningur við Listaháskóla Íslands um samstarf varðandi listkennslu
- Danskan framhaldsskóla um kennslu í útivist (Nordplus)
- Comeniusarverkefni um vatn sem hófst haustið 2013 og lauk 2015 í samstarfi við skóla frá Spáni, Ítalíu og Þýskalandi
- Job shadowing verkefni fyrir kennara í samvinnu við framhaldsskóla í Kaupmannahöfn (Erasmus)

- Heimili og menntir á Selfossi um kennslu í almennri forritun
- Samstarf við norðlenska skóla um samstarfsverkefni milli skólanna og við Símei, háskóla, grunnskóla og þekkingarsetur á Norðurlandi
- Skiltagerð Norðurlands um ArtFabLab samnýtingu á tækjum og þekkingu.